

1860.
3. marz. fræðingur, og var vel að sér í nýju máluunum, hafa margir reynt, að koma sonum sínum til kennslu hjá honum, svo hann hefur um mestan hluta embættistíðar sinnar haldið heimaskóla, og hafa margir dugandi stúdentar útskrifast frá honum, og ekki allfáa hefur hann undirbúið til háskólans í Kaupmannahöfn.

Þegar hann fékk lausn frá embætti því, er hann seinast gegndi, og hann hafði að öllu samtöldu hërumbil 800 dala tekjur af á ári, fékk hann, eptir lögum um eptirlaun presta á Íslandi, þriðjung hinna vissu tekja í eptirlaun. Eptirlaun þessi geta með engu móti, þó vel sé í lagt, numið meiru en 150 dölum á ári, og tekjurnar af því, sem hann á til sjálfur, eru að eins 70 til 80 dala á ári. Tekjur þessar, sem til samans ekki geta orðið meiri en 230 dalir á ári, eru þannig ónógar til hinna bráðustu þarfa fyrir hann og þá, sem hann á fyrir að sjá.

Þegar svona stendur á, hefur stjórnarráðinu fundizt næg ástæða til, að reyna að útvega þessum manni, sem svo mjög hefur til þess unnið, viðbót við eptirlaunin, eins og hann hefur sótt um; stiptsyfirvöldin á Íslandi hafa og mælt fast fram með því. Ef hann á ekki að líða skort á elliárum, má eptirlauna viðbót þessi ekki vera minni en 300 ríkisdalir á ári. Stjórnarráðið hefur því látið búa til lagafrumvarp það, er hér er greint, til þess það verði lagt fyrir ríkisþingið¹.

20. marz. **12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um herskipsferð til Íslands.**

Útaf bænarskrá nokkurri, er hið síðasta alþingi sendi stjórninni viðvíkjandi fiskiveiðum útlendra manna við Ísland, bað dómsmálastjórnin í bréfi 4. f. m. um álit sjóliðsstjórnarinnar um það, sem farið var fram á í bænarskránni, en það var, að sendar yrðu á ári hverju 4 herskútur til landsins, til þess að hafa umsjón yfir hinum útlendu fiskiskípum og halda við reglu kring-

1) Ríkisþingið féllst á frumvarpið óbreytt með öllu, og var það því öldungis eins hljóðandi og lög þau, sem hér eru á undan.

1860.

20. marz.

um strendur landsins, og gat dómsmálastjórnin þess um leið, að ef þessari ráðstöfun yrði ekki við komið, væri það mjög ákjósanlegt, að nú í sumar yrði eins og í fyrra sent eitt herskip til Íslands, í þeim tilgangi að varna útlendum fiskimönnum að skerða réttindi landsbúa.

En sjóliðsstjórnin hefir í bréfi 14. f. m. tilkynnt dómsmálastjórninni, að hún ekki sjái sér fært að láta að þeirri bón alþingis, að senda á ári hverju 4 herskútur til Íslands, og að hún ekki heldur geti nú í sumar látið eitt herskip hafa stöðvar þar við landið, þaræð svo standi á, að af fè því, sem ætlað sè til skipaútgjörðar til sjóliðsæfinga verði þetta árið að verja svo miklu til annars, að ekki verði nóg fè eptir til þess að gjöra út skip til Íslands.

Að dómsmálastjórnin eigi að síður leyfir sèr enn á ný að snúa sèr til hinnar heiðruðu sjóliðsstjórnar í máli þessu, kemur af því, að það varðar svo miklu fyrir þann hluta ríkisins, sem hèr á hlut að máli, er svo má álíta að hinum helzta atvinnuvegi Íslands sè búið hið mesta tjón eður eyðilegging, ef útlendir fiskimenn geta hindrunarlaust verið á fiskiveiðum við strendur landsins, er yfirvöldin þar eigi geta fyrirmunað þeim; svo vantar og landsbúa, er með öllu eru varnarlausir, vernd móti yfirgangi þeirra, og skerðingu eignarréttinda; hefur optlega verið kvartað um þetta, og virðast slíkar umkvartanir vera á rökum byggðar. En að öðru leyti þarf eigi með fleirum orðum að lýsa því fyrir sjóliðsstjórninni, hversu mikils það er um varðanda, að dönsk herskip geti verndað yfirráð hans hátignar konungsins yfir sjónum kringum landið fyrir yfirgangi útlendra fiskimanna.

Enn skal þess getið, að þó alþingi ekki hafi álitnið það nægilegt til að ná tilganginum, að eitt herskip væri sent til landsins, má það þó ætla, bæði eptir því, sem fram kom á alþingi, og svo eptir því, sem reynslan bar vitni um í fyrra, að með þessu mundi mjög mikið áunnið; er sjóliðsstjórninni þetta kunnugt af skýrslum þeim, er henni hafa verið sendar um það efni.

Dómsmálastjórnin leyfir sèr því, að fela sjóliðsstjórninni mál-

1860.
20. marz. efni þetta, er Íslendinga varðar svo mikils, til hinnar beztu forsjár, og skal því við bætt, að ef sjóliðsstjórnin getur í þessu efni farið eptir ósk dómsmálastjórnarinnar, er það vegna augnamíðsins nauðsynlegt, að herskipið yrði sent svo snemma í vor, sem kringumstæðurnar leyfa.

Dómsmálastjórnin vonast eptir að fá að vita hvað úr verður ráðið í þessu efni.

12. apríl. **13. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um að senda herskip til Íslands.**

Eptir að dómsmálastjórnin í annað sinn hafði farið þess á leit við sjóliðsstjórnina, að herskip yrði sent til Íslands, til að verja rétt Íslendinga gegn ágangi erlendra fiskara, hefur hið heiðraða stjórnarráð í bréfi, dags. 31. f. m., svarað, að það sökum peningaleysis ekki sæi sér fært, að gjöra út sérstakt skip til Íslands, en það vilji gjarna verða við tilmælum dómsmálastjórnarinnar að því er unnt sé, og sé því fúst til að láta herskipið „Heimdal“ koma við á Íslandi, þar það verði gjört út, hvort sem heldur er, fyrst í maímánuði, til að æfa á því sjóforingjaefni. Foringja skipsins skal og verða gjört að skyldu, að bera sig saman við yfiröldin, og gjöra það, sem kynni að sýnast nauðsynlegt og haganlegt, allan þann tíma, sem hann getur dvalið á Íslandi, eptir því sem ákveðið er um leiðangur skipsins. Þess skal og getið, að ekkert er því til fyrirstöðu, að nokkrir Íslendingar verði teknir á herskip þetta, til að kynna sér það, er að sjómennsku lýtur. Hið heiðraða stjórnarráð hefur enn fremur getið þess, að „Heimdalur“ gæti farið til Íslands aptur seinna í sumar, þó ekki fyr en í septembermánuði, ef það gæti orðið til nokkurs verulegs gagns. Gæti þá skipið samt ekki dvalið á Íslandi nema stutta stund, bæði vegna þess, hvað áliðið væri orðið, og vegna þess, að þá þyrfti að hafa skipið til annars.

Dómsmálastjórnin metur mikils, hve greiðlega hið heiðraða stjórnarráð hefur tekið í mál þetta, og þiggur það tilboð, að